

Fundur Foreldraráðs VÍ í Verzlunarskólanum

3. apríl 2014 kl. 17:30

Mætt: Díana Arnfjörð, Sigurður Örn Eiríksson, Unnur Ingólfssdóttir, Þórdís Guðmundsdóttir og Elín Thorarensen. Lena Lenharðsdóttir og Auður Einarsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Umsókn um kennitölu

2. Næstu fundir

3. Önnur mál

1. Umsókn um kennitölu. Klárað var að fylla út umsókn um kennitölu en safna þarf undirskriftum allra stjórnamanna. Ákveðið var að senda út gíróseðla í vor þótt langt sé liðið á skólaárið svo framarlega sem afgreiðsla Ríkisskattstjóra á kennitölu gangi hratt fyrir sig.

2. Næstu fundir Þar sem páskafrí er að skella á og mjög fáir kennsludagar eru eftir páska og engin brýn mál liggja fyrir var ákveðið að óska ekki eftir fundi með skólastjórnendum þetta vorið. Ákveðið var að halda síðasta stjórnarfund ársins í maí og ræða þá m.a. aðalfundinn næsta haust.

3. Önnur mál. Rætt var um fund sem stjórnarmenn sátu með úttektaaðilum frá Attentus sem vinnur að ytra mati á skólanum fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrslan verður væntanlega tilbúin og birt á vef ráðuneytisins næsta haust.

Fundi slitið kl. 18:30/ET